



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. B 139/1003
komudagur 16.12.2010

Reykjavík, 16. desember
2010
R10120009
ÓKH/jb

Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediksdóttir
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu á lögum meðhöndlun úrgangs - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn borgarlögmans frá 13. þ.m. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðhöndlun úrgangs.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.

Afrit:
Borgarlögmaður



Reykjavík, 13. desember 2010
R10120009

Borgarráð

Umsögn um frumvarp. til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs með síðari breytingu, 186 mál

Almennt um frumvarpið.

Með frumvarpinu er lagt til að bætt verði við nýju skilakerfi fyrir drykkjarvöruumbúðir. Fyrir var skilakerfi fyrir raf- og rafeindatæki og svo Úrvinnslusjóður. Með þessu er verið að auka enn flækjustig við meðhöndlun úrgangs, umsjón og framkvæmd framleiðendaábyrgðar. Miklu heppilegra væri að sameina öll skilakerfin undir Úrvinnslusjóði. Það myndi einfalda samskipti og rekstur kerfanna m.a. varðandi aðstöðu sem sveitarfélög eiga að útvega til móttöku á úrgangi fyrir hin og þessi skilakerfi.

Ekki eru gerðar frekari almennar athugasemdir við frumvarpið, en Reykjavíkurborg gerir hins vegar athugasemd við þá málsmeðferð, að fá frumvarpið ekki formlega til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis. Nefndin sá ástæðu til að leita umsagnar nokkurra sveitarfélaga (sjá meðf. lista) auk Sambands íslenskra sveitarfélaga, en óskar ekki eftir álitum Reykjavíkurborgar. Engu að síður telur Reykjavíkurborg rétt að gera athugasemdir við frumvarpið á þessu stigi málsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

6. gr. frv.:

Í 4. mgr., b-liðar, 6. gr. *Hlutverk skilakerfis fyrir drykkjarvöruumbúðir*, segir að sveitarfélög skulu veita skilakerfum fyrir drykkjarvöruumbúðir aðstöðu fyrir móttöku á drykkjarvöruumbúðum á söfnunarstöð sveitarfélags óski skilakerfi eftir því. Þarna er verið að leggja auknar skyldur á sveitarfélögin og er gerð athugasemd við það. Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa veitt Endurvinnslunni aðstöðu til að taka á móti drykkjarvörum og mannað móttökuna en fengið greidda þóknun fyrir. Þessu þyrfti að lágmarki að breyta þannig, að sveitarfélögin fái greiddan kostnaðinn við að veita þessa aðstöðu. Þá þykir rétt að vekja athygli á því að aðrar leiðir eru færar við að opna þennan markað en að skapa aðstöðu fyrir hin ýmsu skilakerfi á endurvinnslustöðvum fyrir sömu tegund úrgangs en eðli máls samkvæmt eru endurvinnslustöðvunum takmörk sett hvað varðar stærð starfssvæðis. Má sem dæmi nefna að bjóða út þjónustu við skilakerfi fyrir einstakan úrgang. Er því beint til Alþingis að horft verði til góðs árangurs af núverandi skilakerfi og horft verði frekar til þess að bjóða þjónustuna út til ákveðins tíma í stað þess að velja þá leið sem hér um ræðir með tilheyrandi auknum kostnaði við aðstöðusköpun.

13. gr. frv.:

Samkvæmt 13. gr. fer Úrvinnslusjóður nú með hlutverk stýrinesndar í skilakerfi fyrir raf- og rafeindatæki. Vegna þessa er bætt við fulltrúa Félags atvinnurekenda í stjórn sjóðsins sbr. skýringar með 13. gr. og 25. gr. frumvarpsins. Við þetta þynnist út vægi sveitarfélaganna í stjórn sjóðsins, sem ekki var mikið fyrir. Samband sveitarfélaga á eingöngu einn fulltrúa af sex í stjórn sjóðsins en sveitarfélögin fara samt sem áður með mjög mikilvægt hlutverk í úrgangsstjórnun héraendis, eiga að útvega aðstöðu til móttöku á öllum úrgangi sem til fellur

og bera ábyrgð á söfnun á öllum heimilisúrgangi. Miðað við það umfang meðhöndlunar úrgangs, sem er á ábyrgð sveitarfélaganna, verður að breyta þessu hlutfalli. Ekki verður séð brýn nauðsyn þess að atvinnulífið hafi fulltrúa fyrir hvern og einn úrgangsflokk, sem kemur að Úrvinnslusjóði og mætti því að ósekju fækka þeim verulega.



Kristbjörg Stephensen